

**SSNE**  
**Eybór Björnsson**  
**Hafnarstræti 91**  
**600 Akureyri**

**Húsavík 11. maí 2021**

### **Varðar stöðu áætlunarflugs til Húsavíkur**

Undanfarið hefur Framsýn vakið athygli á því hvað er að gerast í áætlunarflugi á Íslandi. Félagið hefur sérstakar áhyggjur af því, að svo virðist sem unnið sé að því að koma Flugféluginu Erni út af markaðinum. Ernir hefur m.a. haldið úti áætlunarflugi milli Húsavíkur og Reykjavíkur.

Það var mikið gæfuspor þegar Flugfélagið Ernir hóf áætlunarflug til Húsavíkur vorið 2012 í góðu samstarfi við heimamenn, enda hafa þingeyingar aldrei efast um mikilvægi þess að búa við góðar samgöngur. Áður höfðu önnur flugfélög séð um áætlunarflug til Húsavíkur, með hléum. Þar á meðal var Flugfélag Íslands sem lagði af flug til Húsavíkur og beindi farþegum þess í stað í gegnum Akureyri, þyrftu þeir á flugsamgöngum að halda við Reykjavík. Eðlilega voru menn ekki ánægðir með þessa ákvörðun flugfélagsins á sínum tíma enda um mikla þjónustuskerðingu að ræða fyrir flugfarþega um Húsavíkurflugvöll.

Nú er svo komið að nánast allt áætlunarflug innanlands er ríkisstyrkt með beinum eða óbeinum haetti nú þegar ákveðið hefur verið að samþætta rekstur Air Iceland Connect og Icelandair. Starfsemi flugfélaganna tveggja hefur verið sameinuð, svo sem flugrekstrarsvið, sölu- og markaðsmál. Sameinað félag er með eignarhlut í Norlandair sem hægt og bítandi hefur verið að ná flestum ríkisstyrktum áfangastöðum á landsbyggðinni.

Vitað er að stjórnvöld hafa verið með beina ríkisstyrki varðandi ákveðnar flugleiðir; Þórshöfn, Vopnafjörður, Grímsey, Gjögur, Bíldudalur, Höfn og Vestmannaeyjar auk þess að koma myndarlega að stuðningi við Icelandair með ríkisábyrgð upp á um 16 milljarða, sem er eftir samþættingu við dótturfélagið Air Iceland Connect með áætlunarferðir til Akureyrar, Egilsstaða, Ísafjarðar og Vestmannaeyja.

Eftir því sem best verður séð, er eina áætlunarflugið sem ekki er ríkisstyrkt eða nýtur ríkisábyrgðar, flugleiðin Reykjavík-Húsavík með Flugféluginu Erni sem skekkir verulega samkeppnisstöðuna.

Því miður virðist sem ábendingar Samkeppniseftirlitsins sem fram koma í umsögn eftirlitsins við frumvörp er varða ríkisaðstoð til handa Icelandair séu að raungerast.

Í umsögninni kemur skýrt fram að ríkisaðstoð sem styddi við rekstur Air Iceland Connect myndi hafa skaðleg áhrif á fyrtæki á borð við Flugfélagið Erni. Áhyggjur Samkeppniseftirlitsins eru þegar komnar fram nú þegar Icelandair og Air Iceland Connect hafa sameinað krafta sína auk þess sem Norlandair er hluti af samsteypunni þar sem Flugfélag Íslands ehf. á eignarhlut í Norlandair svo vitnað sé í ársreikninga félagsins 2019.

- *Innanlandsflug. Air Iceland Connect nýtur mikilla yfirburða í innanlandsflugi. Á stærstu flugleiðum innanlands, þ.e. á milli Reykjavíkur og Akureyrar, Reykjavíkur og Egilsstaða og Reykjavíkur og Ísafjarðar hefur Air Iceland Connect því sem næst notið einokunarstöðu allt frá árinu 2000 þegar Íslandsflug hætti samkeppnisflugi á leiðunum. Aðrir keppinautar í áætlunarflugi innanlands sinna að mestu leyti öðrum leiðum sem eru mun minni að umfangi. Ljóst er að ríkisaðstoð sem styddi við rekstur Air Iceland Connect myndi hafa skaðleg áhrif á fyrirtæki á borð við Flugfélagið Erni eða aðra sem hygðust hasla sér völl í innanlandsflugi.*

Flugfélagið Ernir á því miður ekki lengur roð í þennan sameinaða risa sem drottnar nú nánast yfir öllu áætlunarflugi á Íslandi með ríkisstyrkjum og/eða ríkisábyrgð í boði stjórnvalda.

Staðan er augljós, með útspili stjórnvalda hefur verið þrengt verulega að rekstri Flugfélagsins Ernis sem haldið hefur úti áætlunarflugi á markaðslegum forsendum til Húsavíkur.

Eins og áður hefur komið fram í þessu bréfi stefnríki algjöra einokun á áætlunarflugi á Íslandi, þar sem vísbendingar eru um að Flugfélagið Ernir eigi ekki auðvelt með að mæta þeirri andstöðu sem flugfélagið býr við um þessar mundir. Það er þrátt fyrir farsæla sögu frá stofnun þess árið 1970 er viðkemur leiguflugi, áætlunarflugi og sjúkraflugi.

Hvað það varðar hafa forsvarsmenn Framsýnar þegar fundað með forsætisráðherra og Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra varðandi áhyggjur félagsins á fákeppni í áætlunarflugi á Íslandi auk þess að gera Samkeppniseftirlitinni viðvart. Ráðherrarnir tóku heilshugar undir áhyggjur Framsýnar varðandi fákeppnina sem væri að myndast í innanlandsfluginu.

Framsýn stéttarfélag telur eðlilegt að SSNE komi að málinu af fullum þunga og beiti sér fyrir því að stuðningur við flug til Húsavíkur verði með sambærilegum hætti og er til allra annara flugvalla á Íslandi þar sem haldið er úti reglubundnu áætlunarflugi. Ekki þarf að fara mörgum orðum yfir mikilvægi þess fyrir atvinnulífið í Þingeyjarsýslum að flugsamgöngur haldist áfram milli Húsavíkur og Reykjavíkur. Ekki síst þess vegna er aðkoma SSNE að málinu afar mikilvæg.

Frekari upplýsingar gefur undirritaður auk þess sem fulltrúar Framsýnar eru tilbúnir að fylgja erindinu eftir með fundi með forsvarmönnum SSNE.

Fh. Framsýnar stéttarfélags  
  
Aðalsteinn Ární Baldursson  
FRAMSÝN  
NÉTTARFÉLAG MÍNGEYINGA